379.

Skerseyrarvegur 4

# Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

**kunngjörir:** Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar á fundi hennar 18. júní 1942
er herra Jóhanni Nikulássyni, Hafnarfirði

leigð á erfðafestu lóð við fyrirhugaðan Skerseyrarveg 6, undir og umhverfis íbúðarhús, er þar er í smíðum. Stærð lóðarinnar er 206.08 fermetr. og útmælist þannig samkvæmt meðfylgjandi teikningu ~~Jóhannesar Kikkiáss sonar~~ Á. Steingrímssonar:

Að norðan, meðfram Skerseyrarvegi, brotin lína 8.1 plús 8.4 plús 5.5 metr.. Að vestan meðfram ómældu landi 12. metr. Að suðvestan meðfram ómældu landi 8.2 metr. Að ~~sunnan~~ suðaustan brotin lína 13. metr. meðfram lóðinni nr. 8 við Brunnstíg og 4. metr. meðfram ómældu landi.

Leiguskilmálar eru þessir:

1. gr.

Lóðin er leigð til þess að byggja á henni hús og mannvirki, svo og til ræktunar og yfir höfuð til hverra verklegra og vanalegra afnota, er eigi koma í bága við fyrirskipanir vega- og byggingarnefndar og fyrirmæli lögreglu- og heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Lóðin er leigð til erfðafestu, þannig að leiguliði hefir rétt til að selja og veðsetja afnotarétt sinn til lóðarinnar ásamt húsum og mannvirkjum á henni, en vilji hann selja erfðafesturétt sinn að öllu eða nokkru leyti, hefir bæjarstjórnin forkaupsrétt.

3. gr.

Í leigu eftir lóðina greiði leiguliði ár hvert, fyrir 1. júlímánaðar, til gjaldkera bæjarsjóðs kr. 28.84- tuttugu og átta 84/100- sem er 4% af virðingarverði lóðarinnar eftir mati fasteignarnefndar. — Gjalddagi hinn fyrsti er 1. júlí 1943

Hús og önnur mannvirki á lóðinni eru að veði fyrir lóðargjaldinu, og sé það eigi greitt í ákveðinn gjalddaga, má því til lúkningar gjöra fjárnám í húsum öllum og mannvirkjum á henni án dóms og laga, samkvæmt 15. gr. laga, 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

4. gr.

Flytji leiguliði öll hús af lóðinni eða felli þau niður á einhvern hátt og greiði eigi lóðargjaldið, gengur samningur þessi úr gildi, og fellur lóðin þá aftur til eiganda án uppsagnar.

5. gr.

Innan 3ja mánaða frá undirskrift samnings þessa skal leigutaki eða umráðamaður lóðarinnar hafa sett glögg og varanleg merki um lóðina, er sýni hornmörk hennar.

6. gr.

Leiguliði greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lögð kunna að verða á erfðafestulóðir sem gjaldstofn.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, hinn 6. okt 1943

F. Skarphéðinsson

BÆJARSTJÓRINN
Í HAFNARFIRÐI

Við erfðafestubréfi, sem þessu er samhljóða, hefi eg tekið, og skuldbind mig til þess að halda skilmála þess í öllum greinum.

Hafnarfirði, hinn 6. okt. 1943

Jóhann Nikulásson

Vitundarvottar:

[illegible signature]

Guðrún Sigurgeirsd.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 8.6.2020
Málsnr: 2006122
Bréfal: 520